

Beiðni um að ökutæki verði skráð í umferð

Tegund / undirtegund	Skráningarnúmer
Skráður eigandi / umráðamaður	Kennitala
Heimili, póstnúmer og staður	

Neðangreind skilyrði þurfa að vera uppfyllt (sjá leiðbeiningar):

- útfyllist af starfsmanni Samgöngustofu / skoðunarstofu

- ☐ Opinber gjöld greidd
- ☐ Ökutæki með staðfesta tryggingu
- ☐ Ökutæki með gilda skoðun ☐ Skoðun ekki gild - aktursheimild afhent.

Skráningarmerki / skoðunarmiðar:

- ☐ Skráningarmerki í innlögn óskast send
- ☐ Skoðunarmiðar óskast sendir

Ég undirrituð/-að/-aður óska þess að framangreint ökutæki verði skráð í umferð að nýju, enda hafa skilyrði 3. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja, nr. 751/2003 verið uppfyllt (sjá lista hér að ofan). Mér er kunnugt um að óheimilt er að taka ökutækið í notkun fyrr en skráningarmerki hafa verið sett aftur á það eða skoðunarmiði frá Samgöngustofu, sem er í samræmi við gilda skoðun ökutækisins, hefur verið settur yfir miða um að notkun þess sé bönnuð.

Ég samþykki, með beiðni (umsókn/eyðublaði) þessari og undirskrift minni, vinnslu og meðferð á þeim upplýsingum sem henni fylgja. Samgöngustofa mun fylgja gildandi lögum og reglum sem um meðferð slíkra upplýsinga gilda.

Dagsetning og staður

Undirritun eiganda / umráðamanns

Staðfesting starfsmanns Samgöngustofu / skoðunarstofu

Mikilvægar upplýsingar vegna skráningar í umferð:

Notkun óheimil: Óheimilt er að nota ökutæki sem er skráð úr umferð í ökutækjaskrá, sbr. 14. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 751/2003. Bann við notkun ökutækisins miðast við móttöku beiðnar um skráningu úr umferð hjá Samgöngustofu eða skoðunarstofu.

Skráning í umferð: Skilyrði 3. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 751/2003 skulu vera uppfyllt ef skrá á ökutæki aftur í notkun.

Opinber gjöld: Greiða skal öll áhvílandi gjöld og að auki áætluð bifreiðagjöld fyrir það sem eftir stendur af gjaldtímabili.

Trygging: Framvísa skal staðfestingu á tryggingu, en þó nægir að það komi fram í tryggingabanka í ökutækjaskrá að ökutækið sé tryggt.

Skoðun: Ökutækið þarf að hafa gilda aðalskoðun. Ef komið er fram yfir lögbundna aðalskoðun getur þó verið heimilt að veita frest til að færa ökutækið til skoðunar. Þetta er þó ekki heimilt ef klippt var af ökutækinu vegna skoðunar.

Skráningarmerki eða miði: Ef skráningarmerki hafa verið afhent Samgöngustofu eða skoðunarstofu skulu þau sótt úr geymslu og sett á ökutækið áður en það er tekið í notkun. Ef miði með áletruninni „Notkun bönnuð“ var settur yfir skoðunarmiðann skal setja yfir miðann nýjan skoðunarmiða frá Samgöngustofu, sem er í samræmi við gildandi skoðun ökutækisins.

Sendingarkostnaður: Sendandi ber sjálfur kostnað af sendingu merkja til og frá geymslustað.